

Rúmlega 3 þúsund manns með geðhvarfasýki á Íslandi



Linda Dögg Hólm, ráðgjafi hjá Geðhjálp sagðist ekki hafa fundið mikið af upplýsingum um fjölda þeirra sem eru með geðhvarfasýki á Íslandi. Allt bendir þó til þess að það séu ríflega 3 þúsund manns

Það eru litlar upplýsingar til um algengi geðraskana á Íslandi og enn síður um einstaka geðsjúkdóma. Umræða um geðsjúkdóma hefur hins vegar aukist síðustu árin og einn þeirra sjúkdóma sem fólk heyrir nú um í meira mæli en áður, er sjúkdómurinn geðhvarfasýki. Geðhvarfasýki einkennist af mislöngum tímabilum með þunglyndi eða örlyndi (maníu). Lesandi velti því fyrir sér hvort vitað væri hversu margir á Íslandi væru með geðhvarfasýki og hvort þær tölur væru til, til samanburðar við tíðni í öðrum löndum. Í svari Lindu Dögg Hólm, ráðgjafa hjá Geðhjálp, kemur fram að allt bendir til þess að fjöldi fólks með geðhvarfasýki hér á landi, sé um 1%. Það

myndi þá þýða um 3.300 manns. Hlutfallið er sambærilegt og þekktist erlendis frá.

Lesandi spyr:



Er vitað hversu margir á Íslandi hafa verið greindir með geðhvarfasýki og er eitthvað vitað hversu hátt hlutfall fólks er almennt með geðhvarfasýki, miðað við tölur erlendis frá?

Spyr.is sendi fyrirspurnina til Geðhjalpar og þar tók Linda Dögg Hólm, ráðgjafi, það að sér að svara.

Linda Dögg:



Ég fór á netið til að leita að algengistöllum á Íslandi og komst að því að algengi geðraskana á Íslandi hafa lítið verið rannsakaðar. Þó gerðu Eiríkur Líndal sálfræðingur og Jón G. Stefánsson sérfræðingur í geðlæknisfræði rannsókn sem birtist í Læknablaðinu 2009. Fræðigreininna er hægt að nálgast **hér**:

Þar kom fram að lífstíðaralgengi lyndisraskana á Stór-Reykjavíkursvæðinu var 13%, þar af höfðu geðhvörf lífstíðaralgengi 1%.

Í **yfirlitsgrein** Fajutrao, Locklear, Priaulx og Heyes (2009) voru algengistölu geðhvarfa í Evrópu teknar saman. Í niðurstöðum þeirra kemur fram að lífstíðaralgengi geðhvarfa í Evrópu sé um 1% sem er það sama og kemur fram í rannsókn Eiríks og Jóns (2009).

Ég vildi að ég hefði skýrara svar en algengið virðist vera um 1% og svipað og í öðrum löndum.

Vísindavefurinn talar um 1% og sömu tölu má finna á vefnum persóna.is :-)

Hvergi kemur fram hversu margir séu greindir með geðhvörf á Íslandi.

<http://www.spyr.is/grein/ymsar-spurningar/9540>